

Reykjavík 6.mars 2020

Umsókn um leyfi

Hafnarfjarðarbær

Skíðaganga ehf, kt. 520417-3030 sækir hér með um að halda skíðaskotfímimót í Bláfjöllum 23.mars. Æfingar fyrir mótið yrðu sunndaginn 22.mars á sama svæði í Bláfjöllum.

Fyrirkomulag mótsins er á þá leið að notast er við 6 skotmörk og 6 skíðaskotfímiriffla, 22 kalibera í keppninni. Þeir væru allir á sér afmörkuðu skotsvæði, þ.e. keppendur ganga ekki með rifflana á bakinu að þessu sinni. Á skotsvæðinu væru félagar úr Skotfélagi Reykjavíkur sem afhenda keppendum rifflana þegar þeir koma á skotsvæðið. Við skotmörkin verða blýgildrur sem og þar sem keppendur skjóta úr rifflunum. Skoþylkin verða týnd jafnóðum upp þegar keppendur hafa skotið. Einungis er eitt skotsvæði.

Genginn er fyrst 2,3 km hringur, þá er skotið liggjandi, síðan er gengið í 2,5 km og skotið standandi á sama stað, að lokum eru 200 metrar gengnir í mark. Einungis er hægt að senda 6 keppendur út í einu og þeir klára sína keppni áður en næstu 6 fara af stað. Við hvert misst skot í skotmark þarf keppandi að fara einn refsiring um 100 – 150 metra fyrir aftan skotsvæðið. Skotsvæðið sjálft er utan vatnsverndarsvæðis og liggur á svæði Hafnarfjarðar. Sjá meðfylgjandi teikningu.

Ströngustu öryggisráðstafanir verða gerðar og svæðið allt girt af með netum þannig að fólk verði ekki í skotlínu.

Með kveðju,

Fyrir hönd mótsaðila, Skíðaganga ehf.

Einar Ólafsson.
696 3699